

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 7. árg. 10. janúar

Myndir augnabliksins sýna fyrstu hópstarfstíma ársins á Pálmholti.



Gleðilegt nýtt ár !

Áskorunin.

Leikskóladeild Hríseyjarskóla skorði á leikskólann Tröllaborgir í síðasta tölublaði og mun umfjöllun um Tröllaborgir birtast í næsta tölublaði Skóla-akurs.

Frétt frá Lundarskóla.

Á haustdögum fékk Lundarskóli styrk til að taka þátt í Comeniusarverkefni sem er samstarfsverkefni átta skóla í Evrópu. Markmiðið með slíku samstarfsverkefni er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu og er hluti af menntaáætlun ESB. Verkefnið í Lundarskóla tekur mið að stærðfræðinni og hvernig hún tengist inn í ólíkar námsgreinar. Í haust fóru tveir kennarar til Eistlands á undirbúningsfund og þann 12. desember sl. fóru tveir kennarar til Augsburg í Þýskalandi til frekara samstarfs. Fleiri ferðir eru fyrirhugaðar á skólaárinu og má þar nefna Finnland, Pólland og Ungverjaland.

Á haustmánuðum hafa nemendur á yngsta- og miðstigi tekið virkan þátt í verkefninu með því að útbúa lukku-dýr sem ferðast á milli landanna (6.bekkur), útbúa jólakort (3. bekkur) fyrir nemendur í þátttökuskólunum og vinna að heimasíðu (8.bekkur). Samhliða þessum verkefnum leysa nemendur í öllum þátttökuskólunum stærðfræðiþrautir sem tilheyra hverjum mánuði allt frá september og fram í maí.

Verkefnið mun vara í tvö ár þar sem bæði nemendur og kennarar koma til með að heimsækja þátttökulöndin og vinna að sameiginlegum verkefnum. Þátttökulöndin eru Finnland, Þýskaland, Pólland, Írland, Ungverjaland, Tyrkland, Slóvenía, Eistland og Ísland.

Gjaldskrárhækkanir 1. janúar 2013.

Leikskólar: Gjaldskrá vegna vistunar barna og fæðis hækkaði 1. janúar.

Sjá gjaldskrá: <http://www.akureyri.is/is/moya/page/leikskolar-akureyrarbajar>

Grunnskólar: Gjaldskrá í frístund og skólamötuneyti hækkaði 1. janúar.

Sjá gjaldskrá: <http://www.akureyri.is/is/moya/page/grunnskolar-fristund-og-skolafaedi>

„Félagslega fljúgandi fær“ fær styrk frá Norðurorku.

Í Brekkuskóla er unnið að verkefni sem snýst m.a. um að nýta rafræna tækni við skipulag náms og tómtunda í daglegu lífi barna með einhverfugreiningu. Í skólum fá einhverfir nemendur menntun sem byggð er forsendum hvers nemandans. Sett er upp svokölluð einstaklingsnámskrá sem er nokkurs konar leiðarvisir að menntun nemandans. Þessir nemendur fá auk þess félagsþjálfun og vinna mjög mikið eftir sjónrænu skipulagi sem krefst mikils undirbúnings sérkennara. Fyrir utan þá menntun og þjálfun sem barn nýtur í skólanum er stuðningur einnig í höndum foreldra sem þurfa það sem eftir er sólarhringsins að treysta því að barnið þeirra standi sig í daglegu lífi. Þessi börn eiga það til að einangrast þar sem þau eiga erfitt með félagsleg samskipti og að átta sig á til hvers er ætlast af þeim í því sambandi. Mikið er til af hugbúnaði fyrir snjallsíma og spjaldtölvur sem gagnast einhverfum mjög vel. Þennan hugbúnað er t.d. hægt að nota til að setja upp skipulag sem hjálpar nemendum að muna eftir tannlækna- og pianótímum eða talþjálfun. Ef einhverfi nemandinn veit ekki hvar hann á að vera eða hvað hann á að gera, getur það valdið honum miklu óryggi og vanlíðan.

Í spjaldtölvum og snjallsímum er líka hægt að setja upp skipulag eða félagsþæfnisögur með nemandanum í skólanum t.d. varðandi búðarferðir eða íþróttatíma. Nemandinn getur svo ásamt foreldrum rífað upp skipulagið þegar heim er komið eða þegar það á við hverju sinni. Með hagnýtingu tækni í daglegu lífi einhverfra, má þjálfna með þeim skipulag og gera þá sjálfstæðari í leik og starfi innan sem utan skóla. Með því að kenna nemendum að nýta sér tölvu- og upplýsingatækni í daglegu lífi er talið að auka megi lífsgæði þeirra til muna.

Gaman er að segja frá því að verkefnið hlaut styrk frá Norðurorku nú á dögnum og mun hann verða notaður til frekari þróunar á rafrænni tækni í skólustarfi Brekkuskóla.

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbajar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbajar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Áherslur úr skólustefnu Akureyrarbæjar. Smá upprifjun.

Viðmið um gæði

Markmið: Skólar Akureyrarbæjar hafi gott samstarf sín á milli og efla samvinnu við aðra skóla, íþrótta- og tómstundafélög, stofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu.

Í góðum skóla...

- er nýtt sú þekking sem býr í ólíkum stofnunum og atvinnufyrirtækjum bæjarins
- er aðstaða til skipandi starfs, tómstunda og félagslífs
- er leitað leiða til að skapa samfellu í skóla- og frístundastarfi nemenda
- getur tónlistarnám farið fram í samfellu við annað skólastarf
- er gagnkvæmt upplýsingaflæði og faglegt samstarf á milli skólastiga
- eru gagnkvæmar heimsóknir kennara og nemenda milli skólastiga
- er flutningur nemenda milli skólastiga undirbúinn af kostgæfni

Leikskólinn Iðavöllur

Í tilefni þrettándans var haldið útiball föstudaginn 4. janúar. Jólin voru kvödd með söng og fengu börnin kakó út í myrkrið. Eins og sjá má á myndunum skemmta þau sér hið besta og setja það ekki fyrir sig að sitja úti.



Nýr Foreldrasáttmáli

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra kynna nýja og uppfærða útgáfu Foreldrasáttmálans.

Foreldrasáttmálinn er sá leiðarvísir sem nýtist einna best til að koma af stað umræðum um uppedishlutverk foreldra barna á grunnskólaaldri. Foreldrasáttmálinn eflir skilning á mikilvægi samstarfs heimila og skóla og virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi. Hann byggir á þeirri hugmynd að foreldrar og forráðamenn komi saman og ræði um æskilegar reglur og uppedisleg viðmið sem þeir geti sameinast um að halda í heiðri heima fyrir og staðfesti vilja sinn með undirskrift. Sjá nánar: <http://www.heimiliogskoli.is/2013/01/nyr-foreldrasattmali-2/>

„Bregðum blysum á loft“

Pistill frá Haraldi F. Gíslasyni, formanni Félags leikskólakennara af vef Kennarasamabandsins:

Við áramót er við hæfi að líta um öxl. Það er mikilvægt að læra af reynslunni og fortíðinni. Í þessum stutta pistli ætla ég að breyta sögunni og búa til nýja framtíð. Framtíð sem þarf ekkert endilega að vera svo langt í burtu ef allir vilja. Til þess að allir vilji það verða þeir að vera sannfærðir um að það muni gera öllum gott. Ég er sannfærður um að við náum öll markmiðum okkar fyrir ef öll skólastig búa til eina órjúfanlega heild sameinaðra kennara undir merkjum KÍ. Engin forskeyti, leik-, grunn-, framhalds- eða tónlistar-. Skóli er bara skóli. Kennari er bara kennari. Sjá nánar á: <http://www.ki.is/pages/22/NewsID/4047>

Samstarf skóla og barnaverndar

Hafin er vinna við gerð verklags sem ætlað er að efla samstarf barnaverndar og skóla um undirbúning skólagöngu fösturbarna og eftirfylgd.

Verklagið byggir á reglugerð um skólagöngu fösturbarna í grunnskólum frá 5. júní 2012.

Sjá nánar: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7315>

Námskeið fyrir kennara.

Námskeið í frásagnarlist í Danmörku.

Modern Storytelling for Teachers í Nykøbing á Sjálandi býður upp á námskeið í frásagnarlist í júní 2013. Námskeiðið er m.a. ætlað kennurum innan Evrópusambandsins og EES sem hafa áhuga á að nota frásagnarlist í kennslu. Námskeiðið fer fram á ensku.

Sjá nánar: <http://www.ki.is/pages/22/NewsID/4053>

Námskeið í upplýsingatækni á Írlandi í júlí

Infocus Training býður upp á námskeið í upplýsingatækni *A Fun and Interactive Learning Experience with Digital Creative Tools* á Írlandi 7.-13. júlí og 14.-20. júlí 2013. Námskeiðin eru ætluð leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum innan Evrópusambandsins og EES, sérkennurum og þeim sem kenna fullorðnum. Námskeiðin fara fram á ensku og fjalla um nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni og hvernig nýta megi hana í kennslu. Sjá nánar: <http://www.ki.is/pages/22/NewsID/4052>